



Fundargerð 242.fundar

Stjórnar Hafnasamlags Norðurlands bs.

Þriðjudaginn 20. ágúst 2019 kl. 16.15 kom stjórn Hafnasamlags Norðurlands bs saman til fundar í hafnahúsinu við Fiskitanga á Akureyri.

Fundinn sátu: Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður, Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður, Axel Grettisson ritari, Eva Hrund Einarsdóttir, Ólína Freysteinsdóttir, Sóley Björk Stefánsdóttir, Þröstur Friðfinnsson og Ólafur R. Ólafsson.

Að auki sat fundinn: Pétur Ólafsson hafnarstjóri.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Dagskrá fundarins:

1. Loftlagsmál.

Sigurður Ingi Friðleifsson kom á fundinn undir þessum lið. Rætt var um loftlagsmál í víðu samhengi og hvaða möguleikar eru fyrir höfnina til að auka sína aðkomu að þeim. Stjórn HN lýsir yfir ánægju sinni með þau skref sem nú þegar hafa verið tekin í umhverfismálum hjá HN og samþykkir að vinna að og setja fram áætlun um frekari aðgerðir.

2. Staða framkvæmda.

Hafnarstjóri kynnti stöðu framkvæmda og lagði fram minnisblað varðandi framkvæmdir ársins. Sérstaklega var rætt um tvö málefni.

Lenging Tangabryggju.

Stefnt er að því að vorið 2020 verði ráðist í að steypa þekju og leggja lagnir í lengingu Tangabryggju til suðurs. Stjórn HN samþykkir að í nýrri bryggju verði komið fyrir ídráttarlögnum og reiknað með að mögulegt verði á síðari stigum að koma fyrir háspennutengingum fyrir smærri skemmtiferðaskip og flutningaskip. Áætlun gerir ráð fyrir að kostnaður við að koma fyrir auka lagnaleiðum sé um 35 mkr með vsk. Stjórn HN telur að ekki sé gerlegt að ráðast í heildar uppbyggingu nema að stjórnvöld komi að verkinu með einhverjum hætti.

Torfunefsbyggja.

Lagt fram minnisblað frá siglingasviði Vegargerðarinnar og frumkostnaðaráætlun sem gerir ráð fyrir heildarkostnaði fyrir utan rafvæðingu verði ríflega 400 mkr fyrir utan virðisaukaskatt. Verkið er á samgönguáætlun og er styrkhæft um 75% þar sem um endurgerð er að ræða. Í minnisblaðinu er lagt til að rekið sé niður stálþil vegna endurbyggingar Torfunefsbyggju. Hafnarstjóri leggur til við stjórn HN að ný byggja verði höfð 16 metrum utar en núverandi þil. Með landfyllingunni fáist dýrmætt aukið landssvæði fyrir hafnsækna starfssemi á hafnarsvæðinu en sá hluti er ekki styrkhæfur. Stjórn HN felur hafnarstjóra að láta hanna mannvirki sem gerir ráð fyrir að ný byggja



verði 16 metrum utar en núverandi bryggja. Hafnarstjóra og formanni stjórnar falið að ganga til samninga við Akureyrarbæ vegna auka landfyllingarinnar sem þetta felur í sér.

3. Önnur mál.

Engin önnur mál.

Fundagerðin yfirfarin og staðfest með undirskrift stjórnarmanna.

Fundi var slitið kl. 18:00

Þorsteinn Hlynur Jónsson formaður

Jóhannes Gunnar Bjarnason varaformaður

Axel Grettisson ritari

Eva Hrund Einarsdóttir

Sóley Björk Stefánsdóttir

Ólína Freysteinsdóttir

Þröstur Friðfinnsson

Ólafur Ólafsson

Pétur Ólafsson hafnarstjóri
